

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi Innbæjarins.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 14. ágúst 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Innbæinn. Breytingin tekur til Aðalstrætis 13 og felur í sér lóðarstækkun um 68,5 m² til samræmis við aðliggjandi lóðir. Þá er sömuleiðis bætt við byggingarreit innan lóðar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 10. september 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 24. september 2024